

Sp.

704. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 og við brtt. á þskj. 691.

- I. Frá *Eiríki Einarssyni, Jóni Sigurðssyni, Katrínu Thoroddsen, Jörundi Brynjólfssyni og Gísla Sveinssyni*.
Við 14. gr. B. XIX. (Til blindrastarfsemi).
Fyrir „15 000“ kemur 16 500
- II. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni*.
Við brtt. 691,17. (Við 15. gr. A. VII. 20. — Ætt- og mannfræðifélagið). Brtt. skal orða svo:
Til ætt- og mannfræðifélagsins, til útgáfu manntalsins frá 1816 10 000
- III. Frá *Eiríki Einarssyni og Jörundi Brynjólfssyni*.
Við 16. gr. A. 28. d. Nýr stafliður:
Til Ásgeirs Hraundal, Stokkseyri, í viðurkenningarskyni fyrir störf hans við húsdýralækningar 3 500
- IV. Frá *Arnfinni Jónssyni og Barða Guðmundssyni*.
Við 17. gr. 12. a. (Rauðikrossinn).
Fyrir „15 000“ kemur 50 000
- V. Frá *Katrínu Thoroddsen*.
Við 17. gr. 20. (Kvenréttindafélag Íslands).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000
- VI. Frá *Jónasi Jónssyni*.
Við 20. gr. Út. VII. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík 425 000
enda verði skólinn ekki fluttur úr miðbænum.
- VII. Frá *Einari Olgeirssyni*.
Við 20. gr. Út. XI. Nýr liður:
Til byggingar listasafns ríkisins, fyrsta greiðsla af þremur .. 1 000 000
Jafnframt velji ríkisstjórnin stað fyrir safnið, í samráði við Bandalag íslenzkra listamanna og bæjarstjórn Reykjavíkur, og láti fara fram samkeppni um teikningu að safninu.
- VIII. Frá *fjármálaráðherra*.
Við 22. gr. XII. Nýir liðir:
 1. Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrirrúmi á árinu 1948.
 2. Að taka allt að 25 milljón króna lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnuafli nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.
- IX. Frá *fjárveitinganefnd*.
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða Jóni Sveinbjörnssyni, fyrrv. konungsrítara, 5 þús. kr. eftirlaun.
- X. Frá *Jónasi Jónssyni*.
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að verja fjárhæð þeirri, sem veitt var í fjárl. 1946 til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík, en ekki notuð, til að kaupa eða byggja rektorsbústað nærri skólanum.

- XI. Frá *Jóni Pálmasyni*.
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða 100 þús. kr. til byggingar Vatnsdalsárbrúar.
- XII. Frá *Sigurði Bjarnasyni*.
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða Jörundi Gestssyni, bónda á Hellu í Steingrímsfirði, allt að 5 þús. kr. styrk til þess að koma upp hjá sér verkstæði, sem annazt geti viðgerðir og smíði stærri báta.
- XIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Hannibal Valdimarssyni*.
Við 22. gr. XII. Nýir liðir:
1. Að láta byggja björgunar- og eftirlitsskip fyrir Vestfirði í samræmi við samning, sem ríkisstjórnin hefur gert við slysavarnasveitirnar á Vestfjörðum og Slysavarnafélag Íslands.
2. Að greiða Jóni M. Jónssyni, bónda í Engidal í Skutulsfirði, 12 þús. kr. í skaðabætur fyrir tjón, er hann beið af 12 ára sóttkvíun heimilis hans og afurðasölubanni sama tíma.
- XIV. Frá *Sigurði Bjarnasyni*, *Finni Jónssyni* og *Hannibal Valdimarssyni*.
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að verja allt að 25 þús. kr. til þess að liðsinna því fólki, sem tilfinnanlegast tjón beið við snjóflóðin, er féllu á Ísafirði í vetur.